



Eftirlitsniðurstöður

Eftirlit á gyltubúum

Samantekt 2016



Inngangur

Í apríl og maí 2016 var farið í eftirlit á öll svínabú landsins sem halda gyltur, alls 14 bú. Eftirlitið var framkvæmt af dýralækni í viðkomandi umdæmi sem og sérgreinadýralækni svínasjúkdóma, sem var liður í að samræma eftirlitið um land allt. Metið var hvort ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra og ákvæði núgildandi reglugerðar nr. 1276/2014 um velferð svína væru uppfyllt. Sambærileg úttekt var framkvæmd árið 2014 en þá var tekið mið af þágildandi reglugerð nr. 353/2011.

Í desember 2014 kom út ný reglugerð nr. 1276/2014 um velferð svína. Í bráðabrigðaákvæði hennar segir: „Matvælastofnun getur veitt framleiðanda frest til aðlögunar að skilyrðum 7. og 15. gr. reglugerðarinnar ef aðstæður eru þannig að kostnaðarsamt er fyrir viðkomandi framleiðanda að uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Frestir eru háðir því að framleiðandi skili inn tímasettri úrbótaáætlun og kostnaðarmati ef hann hyggst sækja um frest til aðlögunar. Framleiðandi skal fyrir 1. október 2015 skila inn slíkri úrbótaáætlun og kostnaðarmati ef hann hyggst sækja um frest til aðlögunar. Matvælastofnun skal ekki veita lengri fresti en til 1. janúar 2025“.

Á grundvelli innsendra úrbótaáætlana og kostnaðarmats hefur Matvælastofnun veitt öllum frest sem sóttu um aðlögun nema einum vegna ófullnægjandi áætlunar en unnið er nú að nákvæmari útfærslu. Frestir til lagfæringa og aðlögunar á skilyrðum 7. og 15. gr. reglugerðarinnar eru mislangir og enginn frestur lengri en til ársins 2025.

Niðurstöður sem fram koma í skýrslu þessari eru samantekt og einungis til að gefa yfirsýn yfir stöðu mála á gyltubúum á Íslandi árið 2016 er varða geldingar, halaklippingar, básahald og almennan aðbúnað. Myndir í skýrslunni gefa innsýn í þróun mála og lýsa tilteknum atvikum/aðbúnaði en gefa ekki heildarmynd af viðkomandi búum.

Niðurstöður

Geldingar grísa og aðrar aðgerðir

„Við sársaukafulla aðgerð eða meðhöndlun skal ávallt deyfa eða svæfa dýr og veita því verkjastillandi meðhöndlun. Dýralæknum er einum heimilt að framkvæma skurð- og lækni-aðgerðir á dýrum þó er öðrum heimilt að klippa hala grísa hafi þeir fengið leyfi til þess“.

Fimm bú bólusetja grísi við galtalykt og eru þar með hætt að gelda grísi. Átta bú voru með dýralækna til að gelda grísi með staðdeyfingu og verkjastillandi meðferð. Á einu litlu búi var bóndinn að gelda grísina sjálfur án deyfingar og verkjastillandi meðferðar, gerðar voru alvarlegar athugasemdir við það og var úrbóta krafist strax og hefur geldingum nú verið hætt.

Halar grísa eru ekki klipptir á sex búum. Átta bú eru að halaklippa grísi án deyfingar og var það flokkað sem frávik, en á tveimur þeirra er grísunum gefið verkjastillandi lyf stuttu áður en halaklipping á sér stað. Frávikum verður fylgt eftir í næsta eftirliti. Halaklippingar eru á undanhaldi, en það tekur þó tíma að geta lagt þær af á öllum búum, því varnir gegn halabiti eru nátengdar breytingum á aðbúnaði og þar með þeim fresti sem búum er finnið til að ljúka úrbótum.

Aðbúnaður gyltna – básar og lausaganga

„Svín skulu höfð í lausagöngu, þó er heimilt að loka gyltur á básum í takmarkaðan tíma og í ákveðnum tilvikum“.

Allar gyltur voru haldnar í lausagöngu á fimm búum (mynd 1). Fimm bú eru með lausagöngu að hluta, en þar eru gyltur á tilhleyplingabásunum í u.þ.b. 4 vikur eftir sæðingu (mynd 2 og 3).

Fjögur bú halda gyltur á básunum, tvö þeirra eru þó með eina lausagöngustíu og eitt búið hyggst klára að breyta búinu í lausagöngubú sumarið 2016.

Matvælastofnun hefur veitt aðilum frest, sbr. bráðabrigðaákvæði reglugerðar nr. 1276/2014, til þess að gera breytingar á básahaldi yfir í lausagöngu og taka frestir mið af þeim áætlunum sem lagðar hafa verið fram.

Aðrar niðurstöður

Lítið eða engin bógsár sást á gyltum á meirihluta búanna. Á fimm búum sást 1. og 2. stigs bógsár á nokkrum gyltum en slík sár eru flokkuð sem frávik. Á einu búi sást 3. stigs bógsár á tveimur gyltum og á öðru búi sást á einni gyltu. Þriðja stigs bógsár eru metin sem alvarlegt frávik og var úrbóta krafist strax á þeim búum.

Eitt bú var með gotstíur sem allar uppfylltu kröfur reglugerðarinnar (mynd 4). Önnur bú voru með gotstíur sem uppfylltu ekki kröfur reglugerðarinnar, en unnið er að breytingum samkvæmt úrbótaáætlunum. Ein gotstífa á einu búi var lausagöngugotstífa (mynd 5).

Tvö bú voru með gólftegund í öllum rýmum sem standast kröfur reglugerðar (mynd 6). Á öðrum búum voru kröfur reglugerðar um gólftegund ekki uppfylltar nema að hluta.

Matvælastofnun hefur veitt aðilum frest, sbr. bráðabrigðaákvæði reglugerðar nr. 1276/2014, til þess að kröfur um gotstíur og gólftegund verði uppfylltar og taka frestir mið af þeim áætlunum sem lagðar hafa verið fram.

Sex bú voru með sjúkrastíur sem stóðust kröfur reglugerðar (mynd 7). Á öðrum búum voru ýmist ekki sjúkrastíur eða þær stóðust ekki kröfur reglugerðar um mjúkt undirlag og hitagjafa. Var það flokkað sem frávik og verður fylgt eftir í næsta eftirliti.

Undirburður var lítil sem enginn á flestum búum. Spæninir var þó víða í gotdeildum en þá í litlum mæli.

Samantekt

Umskipti hafa átt sér stað milli áranna 2014 og 2016 varðandi geldingar grísa, séu grísir geltir þá er það framkvæmt í samræmi við ákvæði laga og reglna. Fækkun geldinga er fagnaðarefni. Bændur hafa í auknum mæli lagt af geldingar eða tekið upp bólusetningu gegn galtarlykt. Halaklipningar eru á undanhaldi, það tekur þó tíma að geta lagt af halaklipningar á búum almennt því varnir gegn halabiti eru nátengdar breytingum á aðbúnaði grísanna. Einu aðferðirnar til að fulldeyfa halasvæðið eru mænudeyfing eða svæfing, en báðar aðferðirnar eru óraunhæfar og ill framkvæmanlegar í hefðbundnum búrekstri. Verkjastilling fyrir aðgerð er því valkosturinn að sinni. Stakkaskipti hafa orðið á básahaldi gyltna, rúmur þriðjungur búa hafa allar gyltur í lausagöngu, rúmur þriðjungur búa eru með lausagöngu að hluta og unnið er að afnámi básahalds hjá öllum sem enn nota bása. Bógsárum hefur fækkað og eru þau einnig vægari en áður. Litlar breytingar hafa orðið á gotstíum, gotbásunum og gólfefnum á flestum búanna, en slíkar breytingar eru kostnaðarsamar og mun það taka tíma að breyta öllum búum þannig að þessi atriði standist kröfur. Aðilar hafa fengið frest til að uppfylla kröfur, sbr. bráðabrigðaákvæði reglugerðar nr. 1276/2014, en samfara þeim úrbótum skapast betri möguleikar á að uppfylla kröfur um undirburð.

Myndir



Mynd 1: Lausaganga



Mynd 2: Gylta í breiðum tilhleyppingabás



Mynd 3: Gyltur á tilhleyppingabás



Mynd 4: Gotstía sem stenst ekki kröfur reglugerðar, nægilega stór en gotbás ekki opnaður eða tekinn



Mynd 5: Lausagöngugotstía sem stenst kröfur reglugerðar



Mynd 6: Gólf í stíu sem stenst kröfur reglugerðar



Mynd 7: Sjúkrastía með mjúku undirlagi